

Velferðarnefnd
Nefndasvið Alþingis
Reykjavík

Efni: Umsögn um 72. mál, frumvarp til laga um húsaleigubætur

Með tölvupósti dagsettu 7. nóvember síðastliðinn var þess óskað af nefndasviði Alþingis að Stúdentafélag Háskólans í Reykjavík (hér eftir SFHR eða stúdentafélagið), veitti umsögn sína um ofangreint frumvarp um breytingar á lögum um húsaleigubætur.

Stúdentafélagið er hagsmunafélag allra stúdenta við Háskólann í Reykjavík. Eðli málsins samkvæmt eru það því hagsmunir nemenda skólans og þær aðstæður á húsnæðismarkaði sem þeir þurfa að þola, sem helst mótast afstöðu SFHR til frumvarpsins.

Ljóst er að stúdentar við Háskólann í Reykjavík njóta mjög takmarkaðs aðgangs að stúdentagörðum, en Félagsstofnun Stúdenta þjónustar ekki nemendur skólans. Þær nemendaíbúðir sem nemendur HR hafa aðgang að eru ekki á vegum stofnana sem reknar eru á lögbundnum félagslegum grundvelli. Slíkar nemendaíbúðir eru því fáar og kostnaðarsamar, og bjóða auk þess ekki uppá einstaklingsherbergi með sameiginlegri aðstöðu sem félli undir núverandi undanþágu 5. mgr. 7. gr. laga um húsaleigubætur.

Af þessum sökum leita margir stúdentar innan SFHR á almennan leigumarkað, sem reynist þó nemendum sí erfiðara vegna hækkandi leiguverðs og gífurlegrar aukningar á eftirspurn eftir leiguhúsnæði. Þess má geta að Lánasjóður íslenskra námsmanna gerir ráð fyrir upb. 140.000 kr. mánaðarframfærslu háskólanema sem framfleytir sér með námslánum. Augljóst er að húsnæðiskostnaður á almennum leigumarkaði í Reykjavík rúmast enginn vegan innan slíkrar áætlunar á mánaðarlegum útgjöldum, en við það bætist almenn neysla matar og annarra nauðsynja.

Að gera stúdentum HR kleift að fá húsaleigubætur vegna leigu einstaklingsherbergja, oft ásamt samnemendum, með sameiginlegri eldhúsaðstöðu nái frumvarpið fram að ganga, hefði mjög jákvæð áhrif á möguleika nemenda skólans á að framfleyta sér utan foreldrahúsa á meðan á námi stendur.

Auk þess að létta undir hjá stúdentum HR vegna mikils húsnæðiskostnaðar með auknum rétti frumvarpsins til húsnæðisbóta, þá telur stjórn SFHR að um sé að ræða jafnréttismál. Með frumvarpinu er réttur hlutur þeirra háskólanema, t.d. nemenda við Listaháskólann, HR, Tækniskólann og annarra skóla, sem ekki hafa aðgang að raunverulegum stúdentagörðum og þeirri undanþágu sem 5. mgr. 7. gr. húsaleigubótalaga veitir í núverandi mynd.

Af ofangreindum ástæðum hefur frumvarpið verulega jákvæð áhrif á hag þeirra háskólanema sem ekki njóta aðgangs að Félagsstofnun Stúdenta og sækja því á almennan leigumarkað. Vegna þessa styður stjórn SFHR frumvarpið heilshugar og óskar þess breytingartillagan nái fram að ganga svo að lögum verði.

Reykjavík 21. nóvember

Halldór H. Gröndal
f.h. stjórnar SFHR